



Læsi allt lífið

Læsisstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

LÆSI ALLT LÍFIÐ

Ragnildur Jónsdóttir
SKÓLASKRIFSTOFA HORNAFJARÐAR

Lokaskýrsla um verkefnið

Læsisstefnur skóla og sveitarfélags

Sveitarfélagið Hornafjörður

Nafn styrkþega: Skólaskrifstofa Hornafjarðar

Heiti verkefnis: Læsisstefnur skóla og sveitarfélags

Verkefnisstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir fræðslustjóri

Inngangur

Haustið 2014 var þróunarverkefninu "Leið til árangurs" (LTÁ) ýtt úr vör í leik- og grunnskólum á Höfn. Leiðarljós verkefnisins var að bæta árangur nemenda skólanna í grundvallarþáttum íslensks mál og læsis, auka samfellu og stíganda námsins milli skólastiga og vinna gegn rofi og endurtekningu. Í hvorum skóla heldur sérstakt teymi utan um vinnuna vegna Leiðar til árangurs.

Markmið verkefnis

1. Vinna heildstæðar læsisstefnur fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.
2. Vinna heildarlæsisstefnu fyrir sveitarfélagið.
3. Í öllum stefnunum verður samræmdur kafli um markmið í læsismálum nemenda með íslensku sem annað mál.

Leiðir að markmiði

Aðstæður

Í Sveitarfélaginu Hornafirði eru starfandi tveir skólar á Höfn; Leikskólinn Sjónarhóll og Grunnskóli Hornafjarðar. Síðan er starfræktur samrekinn leik- og grunnskóli í Hofgarði í Örafum sem er í um eins og hálf klukkustundar akstursfjarlægð frá Höfn. Í Hofgarði stunda sex nemendur nám í grunnskóla og fimm í leikskóla. Ákveðið var að læsisstefnur skólanna á Höfn giltu fyrir skólann í Hofgarði.

Vinnuferlið og afrakstur verkefnisins

Ákveðið var að byrja verkefnið á því að ljúka læsisstefnum leikskólans Sjónarhóls og Grunnskóla Hornafjarðar og flétta þær síðan saman í heildarstefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. LTÁ teymi skólanna höfðu áður fengið ráðgjöf m.a. hjá sérfræðingum Menntamálastofnunar og var ákveðið að fá þær Andreu Önnu Guðjónsdóttur og Elsu Pálsdóttur til að veita ráðgjöf í vinnunni um læsisstefnurnar.

Árið 2017-2018 var unnið að sameiningu tveggja leikskóla í einn og var LTÁ teymi nýs leikskóla, Sjónarhóls, falið að leiða vinnu við læsisstefnu hans. Stefnan leit dagsins ljós og var samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd í desember 2018 eftir að hún hafði verið lögð fyrir starfsmannafund í skólanum (sjá fylgiskjal 1).

Í Grunnskóla Hornafjarðar höfðu verið unnin drög að læsisstefnu. Þau drög voru endurskoðuð, fullunnin og samþykkt í fræðslu- og tómstundanevnd sveitarfélagsins í janúar 2019 eftir að stefnan hafði verið lögð fyrir á kennara- og starfsmannafundi í skólanum og fengið kynningu í skólaráði (sjá fylgiskjal 2).

Áætlanir gerðu ráð fyrir að þrjú læsiskennarar frá hvorum skóla ynnu saman í teymi við að semja eina sameiginlega stefnu fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Leitað var til valdra kennara um að taka þátt í vinnunni en sú málaleitan endaði með því að einn sérfræðingur úr hvorum skóla, þær Gunnhildur Lilja Gísladóttir úr Grunnskóla Hornafjarðar og Þóra Jóna Jónsdóttir frá Sjónarhóli fengust til verksins. Læsisstefna sveitarfélagsins var því unnin í samvinnu þeirra tveggja með aðkomu ráðgjafanna frá Menntamálastofnun og fræðslustjóra sveitarfélagsins.

Vinnan hófst á því að þær kynntu kynntu sér læsisstefnur annarra sveitarfélaga og völdu ákveðnar stefnur sem þær töldu henta best að hafa til hliðsjónar í vinnunni, auk læsisstefna beggja skólanna á Höfn. Ákveðið var að binda stefnuna ekki við læsi í leik- og grunnskóla heldur skyldi hún ná yfir lífshlaupið allt, í takt við yfirskrift menntastefnu sveitarfélagsins "Lærum allt lífið" því ber læsisstefnan heitið; "Læsi allt lífið"

Vinnan stóð yfir frá marsmánuði 2019 að hún var lögð fyrir til kynningar og umræðu í fræðslu- og tómstundanevnd sveitarfélagsins þann 19. júní s.l. Eftirfarandi er bókun nefndarinnar:

Lokadrög að læsisstefnu sveitarfélagsins "Læsi allt lífið" voru lögð fram til kynningar og umræðu. Fræðslu- og tómstundanevnd lýsir ánægju með stefnuna og þakkar þeim Gunnhildi Gísladóttur og Þóru Jónu Jónsdóttur sem unnu hana fyrir góða vinnu. Nefndarmönnum falið að koma með ábendingar og athugasemdir á fundi 21. ágúst n.k. Fræðslu- og tómstundanevnd vísar stefnunni til umsagnar annarra nefnda sveitarfélagsins ásamt Ungmennaráði. Stefnunni er einnig vísað til leik- og grunnskóla sveitarfélagsins til umsagnar.

Mat og helsti ávinningur af verkefninu

Markmiði 1, að vinna heildstæðar læsisstefnur fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagsins, hefur verið náð með samþykkt og útgáfu læsisstefna leik- og grunnskóla.

Markmiði 2, að vinna heildarlæsisstefnu fyrir sveitarfélagið, hefur verið náð. Búið er að semja læsisstefnu fyrir sveitarfélagið og samþykkja lokadrög að henni í fræðslu- og tómstundanevnd. Stefnan er nú í vinnslu hjá grafískum hönnuði í uppsetningu og myndskreytingum.

Markmiði 3, að í öllum stefnunum verði samræmdur kafli um markmið í læsismálum nemenda með íslensku sem annað mál. Ísefnunum þremur er kafli um íslensku sem annað móðurmál þar sem áhersla er lögð á virkt nám í íslensku, að fólk styrki þekkingu sína og barna sinna í eigin móðurmáli með því að lesa og leika með tungumálin.

Ef mat er lagt á vinnu og annan afrakstur við þetta þrjúþætta verkefni þá er helsti ávinningurinn sá að:

- 1) Sérfræðiþekking LTÁ teymanna og læsissérfræðinga skólanna hefur dýpkað með lestri faggreina og rita, samræðum og ígrundun sem vinnan við samningu stefnanna krafðist.
- 2) Samstarf og samfella milli skólastiga er reglubundnara og markvissara en áður.
- 3) Starfsfólk skólanna, foreldrar og nemendur geta aflað sér upplýsinga um viðmið hvers stigs á aðgengilegan hátt þar sem stefnur skólanna eru á heimasíðum þeirra.
- 4) Stigbundin viðmið leiða til markvissara mats og íhlutunar til að bæta árangur.
- 5) Bætt staða og árangur nemenda í grunnþáttum lestrar og læsi er sameiginlegt metnaðarmál nemenda, starfsfólks og foreldra.

Kynning á verkefninu

Þegar þetta er skrifað er beðið eftir niðurstöðum umfjöllunar starfsfólks og foreldraráða skólanna ásamt umfjöllun nefnda sveitarfélagsins um læsisstefnuna sveitarfélagsins. Stefnan hefur nú þegar verið lögð fyrir tvær af nefndum sveitarfélagsins sem hafa lagt blessun sína yfir hana. Stefnan er í lokavinnslu hjá grafiskum hönnuði sem setur hana upp og myndskreytir. Hún hefur verið send út í skólana til kynningar meðal starfsmanna og foreldra og von er á viðbrögðum frá þeim hópum á næstu dögum. Ofangreindri vinnu á að vera lokið fyrir miðjan september og endanleg gerð stefnunnar verður lögð fyrir fræðslu- og tómstundanefnd til samþykktar þann 19. september n.k. Eftir það verður hún birt á heimasíðum skólanna og sveitarfélagsins.



Ragnhildur Jónsdóttir
Hornafjörður 3. September 2019
Ragnhildur Jónsdóttir
Fræðslustjóri